FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Hlíðar ferðaþjónustu, í Skútustaðahreppi, S-Þingeyjarsýslu



Bjarni F. Einarsson
Maí 2014

Forsíðumyndin sýnir stærri rústina hjá eyðibýlinu Gröf. (Fornleifar nr. 8:1. Ljósm. B.F.E).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Hlíð ferðaþjónustu
Maí 2014

## *Inngangur*

Að beiðni Hlíðar ferðaþjónustu í Skútustaðahreppi, S-Þingeyjarsýslu, kannaði Fornleifafræðistofan deiliskipulagsreit við flugvöllinn og tjaldstæðið Hlíð vegna deiliskipulags á svæðinu (sjá mynd 1 og 2).

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem einstaka fornleifaskrár, örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 16. maí síðastliðinn. Svæðið hefur áður verið skráð undir númerum 208:016 (Birna Lárusdóttir o.fl. 2000:36).

Niðurstaða skráningarinnar nú er í töflu 1, á mynd 1 og meðfylgjandi fornleifaskrá.

Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu (Skútustaðahreppi).

Utan við hið kannaða svæði varð vart við fáeinar fornleifar, sem allar tilheyra skipulagsreit í kringum Hótel Reynihlíð.

Ýmsar upplýsingar veitti Snæbjörn Pétursson í Reynihlíð. Kann ég honum bestu þakkir fyrir aðstoðina.

## *Skráningin*

Skv. lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á deiliskipulagsreitnum sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

| *Nr.* | *Teg.* | *Fj.* | *Hættumat* | *Hætta* | *Ástand* | *Aldur* | *Minjagildi* | *Varðv.gildi* | *Friðlýsa?* | *Mótv.aðgerð* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **8:1-2** | Eyðibýli | 2 | Ábúð | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (7) | Talsvert (7) | Nei | Rannsókn |
| 8:1 | Rúst | 1 | Ábúð | Lítið | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (7) | Talsvert (7) | Nei | Rannsókn |
| 8:2 | Rúst | 1 | Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar á deiliskipulagsreit Hlíðar, ferðaþjónustu.




Mynd 1. Staðsetning fornleifa í Hlíð. (Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur; Fornleifafræðistofan).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Aðeins voru tvennar fornleifar skráðir í tengslum við vettvangskönnunina. Báðar eru þær taldar vera frá 1550 – 1900 og báðar hafa talsvert minja- og varðveislugildi.

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.




Mynd 2. Deiliskipulagstillaga í Hlíð.

### *Niðurstaða*

Mælt er með því að fyrirhugaðar framkvæmdir eigi sér ekki stað nær en 15 m frá rústunum og að ekki verði hreyft við hrauninu þar sem líkur eru til að minjar komi þá í ljós. Ljóst er að bæjarhúsin á Gröf eru ekki fundinn og þau hljóta að hafa farið undir hraunið 1729. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var Gröf hjáleiga af Reykjahlíð og í byggð fyrir manna minni (Jarðabók 1943:238). Þegar Jarðabókin er skrifuð árið 1712 býr Guðrún nokkur Kolbeinsdóttir í Gröf. Ef ekki er hægt að komast hjá raski er mælt með fornleifarannsókn.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna. Varað er við því að skipuleggja svæðið þannig að umferð, gangandi sem önnur, verði leidd yfir rústirnar.

### *Heimildir*


Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV.* Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2000 (og rit sem þar er vísað til).

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.* Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Ellefta bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

*Sýslu- og sóknarlýsingar* Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1844. Þingeyjarsýslur. Gott mál hf. Reykjavík 1994.

Örnefnaskrá. Reykjahlíð. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

***Fornleifasrká nr. 8:1-2.***

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknntala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Suður Þingeyjarsýsla | Skútustaðahreppur | | | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Reykjahlíð | | Gröf | 1-2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.05.2014 | E 595879 N 573916 | Ísn 93 | | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Eyðibýli | | Skút. 14 | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Lélegt | 1550-1900 | | Framkvæmdir | Lítil | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Um 3 - 10 m norðan við hraunkannt og undir snarpri grasi gróinni brekku undan tjaldstæði. Í grasi grónum hvammi.

*Heimildir og munnmæli*


Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV.* Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2000 (og heimildaskrá þar).

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Bindi XII. Kaupmannahöfn 1943.

Örnefnaskrá. Reykjahlíð. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.


*Lýsing*

**Eyðibýli.**

Aðeins tvær rústir eru nú sýnilegar og hvorugar eru bæjarhúsin. Þau hafa líklega farið undir hraunið árið 1729.

Rústirnar eru á um 25 x 50 m stóru svæði sem er vel grasi gróið.

Rétt ofan við rústirnar eru reiðgötur sem gætu verið býsna gamlar (sjá efri mynd).

GPS mælingin var gerð við rúst 8:1.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| *Ljósmyndari* | Bjarni F. Einarsson |
| *Filma nr./teg. myndar* | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi eyðibýlisins þarf að sækja um leyfi Minjastöfnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifarnar voru skráðar undir nr. 208:016 árið 1999 (Birna Lár. m.fl. 2000:65).

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Suður Þingeyjarsýsla | Skútustaðahreppur | | | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Reykjahlíð | | Gröf | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.05.2014 | E 595879 N 573916 | Ísn 93 | | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Fjárhús | Skút. 14 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | Framkvæmdir | Lítil | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 7 | Talsvert | 7 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Um 10 m norðan við hraunkannt og undir snarpri grasi gróinni brekku undan tjaldstæði. Í grasi grónum hvammi.

*Heimildir og munnmæli*

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV.* Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda.Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2000.

*Lýsing*

**Rúst.**
6 x 11,5 m (NV - SA). Veggir úr torfi og grjóti, 0,6 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,5 m háir. Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A - C). Aðalhólfið (hólf A) gæti verið grafið niður í bakkann að SV verðu. Eftir miðju hólfinu gengur garður frá norðvestur gafli rúmlega hálfa leiðina að suðaustur gafli (garður/jata?).
Hólf C, sem er syðst, er mjög ógreinilegt og gæti það verið heystæði.
Hólf B, nyrsta hólfið, hefur mjög granna veggi og álitamál hvort þak hafi verið þar yfir. Gæti einnig verið heystæði!
Rústin er með útsveigðum langhliðum.
Dyr eru hugsanlega á milli hólfa A og B, en aðrar dyr sjást ekki.
Rústin er vel gróin grasi. Hugsanlega stendur rústin ofan á eldri rústum.
NV við rústina eru líklega rústabrot sem ná allt að 15 m frá rústinni.

Um 16 m A af rústinni er rúst 8:2.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að sækja um leyfi Minjastöfnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.
Fornleifarnar voru skráðar undir nr. 208:016 árið 1999 (Birna Lár. m.fl. 2000:65).

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Suður Þingeyjarsýsla | Skútustaðahreppur | | | 8 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Reykjahlíð | | Gröf | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 16.05.2014 | E 595901 N 573909 | Ísn 93 | | 4 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Fjárborg | Skút. 14 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Ágætt | 1550-1900 | | Framkvæmdir | Lítil | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Um 3 m norðan við hraunkannt og undir snarpri grasi gróinni brekku undan tjaldstæði. Í grasi grónum hvammi.

*Heimildir og munnmæli*


Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV.* Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda.Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2000.


*Lýsing*

**Rúst.**

Nánast hringlaga, 6 x 7 m (SSV - NNA). Veggir úr torfi og grjóti, 2 m breiðir og 0,5 m háir.
Gólf gæti verið grafið niður, en það er um 0,9 m undir efri brún veggja. Dyr eru líklega mót SV.
Rústin er vel gróin grasi.

Að um fjárborg gæti verið að ræða er aðeins byggt á lögun hennar, en allt eins gæti hún hafa þjónað öðrum tilgangi.

Rústin er 16 m austur af rúst 8:1.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
| Filma nr./teg. myndar | Olympus E-410 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að sækja um leyfi Minjastöfnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.
Fornleifarnar voru skráðar undir nr. 208:016 árið 1999 (Birna Lár. m.fl. 2000:65).